Ársskýrsla Leikskóla Snæfellsbæjar 2017-2018.

1. **Fjöldi barna/árgangar**

Leikskólinn getur tekið á móti 101 barni á tveimur starfsstöðvum.

Alls hafa verið 87 börn s.l. vetur og höfum við tekið inn 12-14 mánaða gömul börn.

2. **Vistunartími barna.**

Leikskólinn opnar 07.40 og lokar 16.15. Flest börn eru í vistun frá 7 klst – 8.30 klst á dag. Mikil fjölgun hefur orðið í vistun til kl.16.00

3. **Starfsfólk**

Stöðugildi leikskólans eru 27 í heildina með 1,50 % stöðu stuðningsfulltrúa sem vinna með börnum með fötlun. Alls vinna um 33 starfsmenn, þar af tveir karlmenn. Í vetur hafa tveir starfsmenn í 100% stöðu verið í veikindaleyfi.

4. **Sérkennslan.**

Í leikskólanum eru börn með skilgreinda fötlun, s.s einhverfu og downs heilkenni og eru þau með stuðningsaðila með sér. Einnig eru börn með tal og málþroskafrávik. Aðstoðar- og sérkennslustjóri starfsstöðvar sinnir öllum þeim tilvikum sem tengjast sérkennslunni. Ráðgjöf til deilda og foreldra, samskipti við sérfræðinga og fundir er varða þjálfun barna. Einnig sinna þeir einstaklingsþjálfun barna með tal -og málþroskafrávika.

Það eru 20 börn í ár í þjálfun hjá aðstoðar-og sérkennslustjórum starfstöðvanna.

Í ár höfum við líka verið að sinna börnum með íslensku sem annað tungumál.

Eftir áramót var gerður samningur við Tröppu ehf. með tröppuþjálfun er þjálfunin unnin með foreldri og talmeinafræðingi í gegnum tölvu. Þau börn sem hafa rétt á þessari þjálfun eru með skilgreinda málþroskatölu 80 stig og neðar. Sjúkratryggingar Íslands greiða allan kostnaðinn en Snæfellsbær greiðir umsýslukostnað sem er 17.000 kr á mánuði. Foreldri greiðir 1.500 kr. fyrir tímann. Alls eru 6 börn með greiningu varðandi tröppuþjálfun. Trappa getur tekið 2 börn á viku í þjálfun og hefur leikskólinn gert samning til loka árs 2019.

5. **Starfsdagar og námskeið.**

Leikskólinn hefur 3 starfs -og námskeiðadaga á ári.

21. ágúst var sameiginlegur starfsdagur leik-og grunnskóla á Nesinu, áhersla lögð á nýbúarmál.

2. janúar var dagur í tengslum við innleiðingu á „Leikur að læra„

Í maí eða júní erum við að vonast til að geta fengið starfsdag í skyndihjálp hjá Rauða krossinum.

Kynning í kynjajafnrétti- með öðrum leikskólum á Nesinu í maí.

Með sameiginlegri heimasíðu og matseðli hafa verið fundir með matráðum starfsstöðva reglulega. Fara yfir matseðla og innkaup.

Starfsmannafundir eru 1 sinni í mánuði. Sameiginlegir eða á sitt hvorri starfstöðinni.

Leikskólinn sótti um styrk hjá Rannís um nám og þjálfun kennara í gegnum Eramus+,menntunarhluta. Leikskólinn fékk styrk fyrir þrem ferðum með tveimur kennurum í hverri ferð og fóru tveir kennar til Grikkland haustið ´17 Guðrún Kristinsdóttir og Svana Pálsdóttir. Í apríl fóru Inga Stefánsdóttir og Fríða Magnúsdóttir til Króatíu og í haust fara tveir kennarar til Eistlands.

6. **Í námi.**

Hermína Lárusdóttir og Guðrún Kristinsdóttir hafa sótt nám í HÍ – í sérkennslufræðum og Linda R. Svansdóttir er í M.e.d. námi sem leikskólakennari við sama skóla. Elínborg Þórðardóttir er í leikskólaliðanámi við Borgarholtsskóla.

7. **Foreldrasamstarf**

Foreldrafundur var í janúar og kom Kristín Einarsdóttir með kynningu fyrir foreldra á „Leikur að læra„ og foreldraverkefnin. Hefðbundin foreldraviðtöl voru í febrúar/mars.

Handbók til foreldra um leikskólann kom út sumarið 2017. Í henni eru helstu upplýsingar um leikskólann. Í kjölfarið fylgir deildarnámskrá – kynning á deild viðkomandi barns, starfsfólk og áherslur.

Leikskólinn hefur lánað út starfstöðina Krílakot í Ólafsvík til Marek og Agneska Imgront og hafa þau starfrækt þar pólskan leikskóla á sunnudögum 5-6 skipti yfir árið. Einnig hafa þau verið dugleg að nálgast pólskar barnabækur fyrir leikskólann í bókapokana. Sendiherra Póllands kom í heimsókn í leikskólann til að kynnast verkefninu okkar frekar.

Leikskólinn er með bókapoka sem hann lánar til foreldra svo þau geti lesið fyrir börnin sín. Pokarnir eru skilgreindir eftir lit og aldri barnanna, bækurnar eru frá leikskólanum. Einnig erum við með pólskar og nokkrar rússneskar bækur til að lána út. Með sameiginlegu átaki getum við eflt hljóðkerfisvitund allra barna með því að lesa fyrir þau, bæði heima og í leikskólanum.

8. **Annað.**

Lítið var um viðhald á báðum leikskólalóðunum s.l. sumar og er von okkar að við sitjum ekki á hakanum næsta sumar eins og það síðasta. Byrjað var að mála innanhúss á Krílakoti en starfsmannaaðstaðan er enn ómáluð og á Kríuþóli er ekki byrjað að mála innanhúss eins og stefnt var að s.l. haust. Rennihurð var sett upp á Krílakoti milli tveggja deilda til að búa til sal og stærra rými til hreyfileikja. Viðhaldi á nokkrum gluggum hefur verið frestað þó svo að gluggarnir séu til. Aðallega vegna veðurs og ???
Starfsstöðin Krílakot verður 40 ára 19. ágúst og verður fataklefinn tekinn í gegn þ.e.a.s skipt um gólfefni og fatahólf.

Næsta vetur 2018-2019

1. **Fjöldi barna.**

Mikil fækkun verður á barnahópunum næsta vetur. Alls er gert ráð fyrir 68 börnum um haustið á tveimur starfsstöðvum. Með því að taka inn börn 12-14 mánaða erum við að vona að geta fjölgað eitthvað börnum eftir áramót.

2. **Starfsfólk**

Fækkun starfsmanna verður í samanburði við fækkun barna. Einhverjir starfsmenn hafa verið ráðnir tímabundið og verða sumir samningar ekki endurnýjaðir.

3. **Áherslur næsta vetur**

Þær áherslur sem við verðum með er að festa enn frekar „Leikur að læra„- kennsluaðferðinni og er áherslan lögð á stærðfræði næsta vetur. Lubbi finnur málbein verður sérstaklega unnið með yngri börnunum. Við stefnum að því að veita þeim börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku, frekari kennslu í íslensku og/eða pólsku. Meta þarf hvert barn fyrir sig og athuga fyrri kunnáttu. 32% af börnum okkar hafa margar mismunandi rætur.

Leikskólinn er með í Vináttuverkefni Barnaheilla og hefur hann lagt inn þau verkefni sem þar eru í boði. Nokkrir starfsmenn hafa farið suður á námskeið en vegna manneklu var ekki hægt að senda neinn í haust en vonumst við til að geta tekið upp þráðinn aftur og eflt frekari fræðslu til starfsmanna í þessu tiltekna verkefni.

Í lokin

Við höldum ótrauð áfram að efla læsi innan leikskólans og að gera leikskólanám barnanna skemmtilegt. Stefna leikskólans (2013) er vinátta, virðing og gleði, og eru þessi þrjú orð leiðarljós í okkar vinnu.

Ingigerður Stefánsdóttir
Leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar.